

Starfsreglur vegna framkvæmdar á gr. 2.04 í lögum SGS

Berist SGS vitneskja um, að stéttarfélag standi ekki fyrir þeirri starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum SGS, geri sambandinu ekki skil á því að svo sé, uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt lögum sínum að einhverju leyti eða ef félagið missir aðildarhæfni sína skal eftirfarandi ferill fara í gang:

1.gr.

Vitneskja um þau atriði sem um getur hér að ofan skal lögð fyrir framkvæmdastjórn svo fljótt sem verða má.

Telji framkvæmdastjórn ástæðu til frekari könnunar skal hún fela skrifstofu sambandsins að kanna málavexti nánar m.a. með því að afla upplýsinga frá því félagi sem í hlut á m.a. með ósk um skrifleg gögn og fundarhöldum.

Skrifstofan skal hafa náði samstarf um verkið við ASÍ og önnur landsambönd ef aðildarfélagið á aðild að fleira enn einu landsambandi.

Framkvæmdastjórn skal ákveða skrifstofunni tiltekinn frest til þess að ljúka gagnaöflun, greinargerð og tillögu að lausn viðkomandi máli.

2.gr.

Finnist ekki lausn á viðkomandi máli skal skrifstofan útbúa greinargerð til framkvæmdastjórnar í kjölfar könnunar sinnar þar sem málavextir eru greindir og tillaga gerð um aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnar.

Því félagi sem í hlut á skal gefinn kostur á því í 14 daga eftir að slík greinargerð hefur verið samþykkt í framkvæmdastjórn, að gera skriflegar athugasemdir við efni hennar.

Framkvæmdastjórn gerir að svo búnu tillögu um aðgerðir sem lögð skal fyrir formannafund til ákvörðunar. Greinargerð og athugasemdir skv. 2.mgr. skulu fylgja tillögum framkvæmdastjórnar til formannafundar.

3.gr.

Komist formannafundur að þeirri niðurstöðu að aðgerða sé þörf skulu þær ákveðnar innan ramma gr. 2.04 í lögum sambandsins og tilsjón og framkvæmd falin framkvæmdastjórn.

4.gr.

Sé ákvörðun tekin um boðun aðalfundar eða aukaaðalfundar í viðkomandi félagi í því skyni af fá þar tekna fyrir tiltekna tillögu, kjósa félaginu stjórn eða annað það sem ákveðið hefur verið skal framkvæmdastjórn leita samkomulags og samstarfs við stjórn viðkomandi félags um boðun hans og framkvæmd.

Takist ekki slíkt samkomulag eða samstarf skal framkvæmdastjórn boða tafarlaust til aðalfundar eða aukaaðalfundar fundar í nafni félagsins þar sem þess skal þó getið að fundurinn sé boðaður af framkvæmdastjórninni í nafni félagsins. Fundinn skal að öðru leyti boða í samræmi við lög viðkomandi félags.

Framkvæmdastjórn skal boða til slíks fundar innan þriggja mánaða frá því ákvörðun formannafundar um aðgerðir lá fyrir.

5.gr.

Sé ákvörðun tekin um allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna félagsins um hvort félagið verði sameinað öðru félagi, þá skal slík atkvæðagreiðsla fara fram skv. reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Framkvæmdastjórn skal efna til slíkrar allsherjaratkvæðagreiðslu innan þriggja mánaða frá því ákvörðun formannafundar um aðgerðir lá fyrir.

6.gr.

Sé ákvörðun tekin um allsherjaratkvæðagreiðslu um annað það sem nauðsynlegt er talið að verði borið upp í félaginu skal sú atkvæðagreiðsla fara fram með sama hætti og greinir í 6.gr.

7.gr.

Það félag sem í hlut á hefur meðan á framkvæmd stendur heimild til þess að skjóta ágreiningi við framkvæmdastjórn um framkvæmdina til formannafundar og skal formannafundur taka ágreininginn fyrir til úrlausnar þegar á næsta fundi sínum.

8.gr.

Það félag sem í hlut á ber allan útlagðan kostnað af þeim aðgerðum sem gripið er til og eðlilegur getur talist vegna framkvæmdarinnar.

Þannig samþykkt á þingi SGS 10.mái 2012.